



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**38. fundur eigendafundar Strætó bs.  
var haldinn í Hamraborg 9, mánudaginn 26. september 2022  
og hófst hann kl. 08:00.**

**Fundinn sátu:**

Alexandra Briem, Andri Steinn Hilmarsson, Hrannar Braji Eyjólfsson, Kristín María Thoroddsen, Lovísa Jónsdóttir, Jóhannes Rúnarsson, Almar Guðmundsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Ásdís Kristjánsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Þór Sigurgeirsson, Regína Ásvaldsdóttir, Páll Björgvin Guðmundsson og Jón Kjartan Ágústsson.

**Fundargerð ritaði:** Páll Björgvin Guðmundsson, framkvæmastjóri SSH

**Dagskrá:**

Almar Guðmundsson, formaður stjórnar SSH, setti fund og stýrði umræðum

**1. Fjárhagsáætlun byggðasamlaga 2023-2027 - 2108006**

Framhald umræðu frá 37. eigendafundi. Fyrirliggjandi er minnisblað fjármálastjóra sveitarfélaga höfuðborgarsvæðisins dags. 24. september 2022.

**Niðurstaða:**

*Á 37. eigendafundi Strætó var fjármálastjórum sveitarfélaganna ásamt framkvæmdastjóra Strætó bs. falið að fara yfir fjárhagsstöðu Strætó bs. og leggja fram tillögu um nálgun að lausnum er varða fjárhagsstöðu Strætó bs.*

*Fyrirliggjandi er minnisblað fjármálastjóra sveitarfélaga höfuðborgarsvæðisins dags. 24. september 2022 þar sem farið er yfir tillögur að leiðum og lausnum er málið varðar.*

**Umræður.**

1.

*Eigendavettvangur leggur til að fallist verði á frekara fjárframlag eigenda til Strætó bs. sem eru skv. fyrirliggjandi minnisblaði 520,4 millj.kr, enda um skýra fjárþörf að ræða vegna lægri tekna og hækkandi rekstrarkostnað. Framangreind tillaga verði af hálfu Strætó bs. send og kynnt aðildarsveitarfélögunum sem fyrst með framlögðu minnisblaði. Þá staðfestir eigendavettvangur tillögu stjórnar Strætó bs. á hækkun gjaldskrár um 12,5 % sem er breyting á forsendum fjárhagsáætlunar 2022.*

2.

*Formaður eigendavettvangs ásamt framkvæmdastjórum Strætó bs. og SSH funduðu með innviðaráðherra og embættismönnum innviðaráðuneytisins 22. september sl. Á fundinum var farið yfir fjárhagsstöðu Strætó bs. og ítrekað mikilvægi þess að ríkið leggi fram sérstök framlög vegna áhrifa Covid-19 á rekstur félagsins. Var erindið mótttekið og verður fjallað um það á vettvangi ríkisins.*



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

*Formanni eigendavettvangs ásamt formanni Strætó bs., framkvæmdastjóra Strætó bs. og SSH er falið að fylgja viðuræðunum eftir.*

3.

*Skv. tillögum í minnisblaði er lagt til að skipaður verði 3ja manna starfshópur sérfræðinga/fjármálastjóra sveitarfélaganna, sem vinnur á næstu 2 mánuðum að mótun frekari tillagna með stjórnendum Strætó bs. um rekstur félagsins til næstu þriggja ára. Tillögur liggja fyrir þann 1. desember n.k.*

*Samþykkt er að fjármálastjórar Reykjavíkurborgar, Kópavogsbæjar og Hafnarfjarðar skipi hópinn ásamt framkvæmdastjóra Strætó bs. Framkvæmdastjóri SSH mun starfa með hópnum.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:00.**